

Fundur F.O.K.S 2. Apríl 2008

Mættir: Eva, Helga, Dagbjört og Sigga.

Erum búin að fá sýnishorn frá Cintamani, byrjuðum á því að skoða þau. Fengum verðskrá.

- Búið að panta boli fyrir nýnema.
- Ákveðið að setja hálfsíðuauglýsingu um vorhátíð í dagskránnu.
- Senda einnig tölvupóst á póstlista foreldra, auglýsingu um vorhátíð.
- Þarf að kaupa peningakassa fyrir vorhátíðina.

Fundur F.O.K.S 21. Apríl 2008

Fundur með bekkjafulltrúum. Lokafundur fyrir vorhátíð. Mættir úr stjórn: Helga, Sigrún, Eva, Dagbjört, Grímur, Anna Fía og Sigga.

Mjög góð mæting hjá bekkjafulltrúum. Ákveðið að afhenda 1. Bekk boli og kórónu kl 15. Farið yfir öll mál, allt virðist nokkuð klárt.

Lokafundur F.O.K.S 11. Júní 2008

Mættir: Eva, Dagbjört, Anna Fía, Sigga, Helga og Sigrún.

Gengum frá pöntunum vegna skólafatnaðar.

Startfundur F.O.K.S. 20. Ágúst 2008

Mættir á Bláu könnuna: Helga, Grímur, Eva, Sigga, Dagbjört og Sigrún.

Rætt um skólafötin, greiðsluhátt o.þ.h. Haft samband við Cintamani til að fá fréttir af fötunum. Aðalfundur ákveðinn þann 11. Sept. Rætt um dagskrá fundarins, t.d. um að fá einhvern til að vera með fyrirlestur.

- Ákveðið að styrkja smt sjóðinn um peningaupphæð.
- Kaupa spil fyrir yngsta stigið
- Ákveðið að hittast næst 4. Sept.

Fundur F.O.K.S. 4.sept 2008

Mættir: Eva, Grímur, Dagbjört, Helga, Sigga, Óli og Sigrún.

- Tala við Pétur Þorsteinsson djákna um að vera með fyrirlestur á aðalfundi.
- Fara í fjölsmiðjuna og ath með sofa fyrir elsta stigið.
- Ath með myndavél fyrir myndmennt
- Bíða með að kaupa spil fyrir yngsta stigið, ath hvað er til. Engar óskir komnar enn frá kennurum.

Sigga ætlar að tala við Möguleikhúsið um sýninguna Langafi þakkari, Ath fyrir hvaða aldur það er.

Dagskrá aðalfundar: Kl 20.30.

Setning

Óli

Helga

Reikningar

Kosning í stjórn

Hlé

Önnur mál

Pétur ???

Stjórn mætir 19.30

Íþróttahús Síðuskóla í vetur: laugardagar 10-11.30. Unglingadeild, laugardagskvöld. Ekki komið alveg á hreint.

Rætt um að hvetja Akureyrarbæ til að niðurgreiða íþróttir og tómstundir allt upp í 16 ára.

Aðalfundur 11. Sept 2008

Ólafur hóf fundinn. Engar spurningar. Helga fékk spurningu úr salnum og var hún hvort allir kennarar viti um styrkina sem eru í boði frá foreldrafélaginu.

Sigrún las ársgjöldin, eigum of mikla peninga. Uppástungur komu úr sal um að nota peninginn í styttri vettvangsferðir fyrir krakkana.

Pétur kom með ábendingu til félagsins um það að athuga vel að það eiga ekki allir pening til að kaupa skólafötin og bendir á að þetta sé mjög viðkvæmt mál.

Önnur mál: Ester Guðbjörnsdóttir bauð sig fram til að vera í umhverfisnefnd.

Fundur F.O.K.S. 24.sept 2008

Mættir: Helga, Eva, Anna Fía, Grímur, Sigga og Sigrún. Einnig var mætt Linda í félagsmiðstöðinni sem var að kynna fyrir okkur alþjóðlegan geðheilbrigðisdag sem er 10 okt.

Það sem rætt var á fundinum:

- Undirskriftarlisti til Akureyrarbæjar
- Skólaföt, janúar er pöntunarmánuður fyrir þau, það er ósk frá Cintamani (sölumanni)
- Fyrirlestur, Giljaskóli og Brekkuskóli að bjóða okkur að vera með í að halda kynlífsfyrirlestur sem Ásdís Olsen heldur.
- Búið að raða niður í íþróttahús í laugardagstímana, verður sett á heimasíðu.
- Foreldrasamningur

Fundur F.O.K.S. 18 nóv 2008

Mættir Helga, Eva, Grímur og Sigrún.

Byrjað að ræða skólafötin. Enn eiga margir eftir að sækja þrátt fyrir 3 daga sem við höfum afgreitt þá í skólanum. Fórum yfir ósóttar pantanir.